

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1538
komudagur 11 14 1997

GR/Alþingi, 10. apríl 1997.

MINNISBLAÐ

um hugsanlegar breytingar á fjárreiðufrumvarpi.

1. **1. gr. um bókhald og reikningsskil ríkisins.**
Upphaf 1. másl. orðist svo: *Bókhaldi ríkisaðila skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt ...*
[Rök: Orðið „ríkisaðilar“ er skilgreint í 2. gr. og því eðlilegt að nota það. Sjá einnig breytingartillögur við 4.–6. gr., 14. gr., 18. gr., 19. gr., 36. gr., 37. gr., 39. gr., 40. gr. og 49. gr.]
2. **3. gr. um flokkun í ríkisreikningi.**
Upphaf 2. másl. 1. tölul. orðist svo: *Til hans teljast æðsta stjórn ríkisins, þ.e. embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur, ...*
[Hugtakið æðsta stjórn ríkisins skilgreint. Það kemur einnig fyrir í 13. og 24. gr. Þannig m.a. skerpt á stöðu Alþingis. Sjá DHB, bls. 2–8].
3. **4. gr. um reikningsár ríkisins.**
Greinin orðist svo: *Reikningsár ríkisaðila skal vera almanaksárið.*
4. **5. gr. um áritun ríkisreiknings.**
Í stað orðanna „stofnana ríkisins“ komi: *ríkisaðila.*
5. **6. gr. um endurskoðun.**
a) Í stað orðanna „stofnana og fyrirtækja ríkisins“ komi: *ríkisaðila.* b) Þar sem frumvarp til nýrra heildarlaga um Ríkisendurskoðun liggur nú fyrir nefndinni er einnig rétt að afnema vísun í laganúmer gildandi laga.
Greinin verður þá þannig: *Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila, samanber lög um Ríkisendurskoðun, og skal hann árita þá.*
6. **7. gr. um framlagningu ríkisreiknings.**
Í stað orðanna „10 dögum“ komi: *tveimur vikum.*
[Óþarflega námkvæmt í frumvarpinu].

7. **14. gr. um varanlega rekstrarfjármuni.**
a) Í stað orðsins „stofnana“ komi: *rikisaðila*.
b) Í stað „til þeirra er stofnað“ komi: *stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim eða afhendingu þeirra sé hún síðar*.
8. **18. gr. um gerð ársreikninga stofnana.**
a) Í stað „stofnana“ í 1. másl. 1. mgr. komi: *aðila*.
b) Orðið „stofnana“ í 2. mgr. falli brott. Því er ofaukið.
c) Breyta þarf fyrirsögninni í: *Gerð ársreikninga*.
9. **19. gr. um undirritun ársreikninga og stofnana í A-hluta.**
a) Í stað orðsins „stofnunar“ komi „*aðila*“ og í stað „hennar“ komi „*hans*“.
b) Breyta fyrirsögn; „*aðila*“ í stað „stofnana“.
10. **20. gr. um skil á ársreikningum.**
a) Í stað 1. másl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: *Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Alþingi og stofnanir þess skulu senda forsætisráðuneyti ársreikninga sína.*
b) „Ríkisendurskoðunar“ í 3. mgr. með stórum staf.
[Skerpt á stöðu Alþingis. Sjá DHB, bls. 13]
11. **21. gr. um frumvarp til fjárlaga.**
Við bætist þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.
Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt nánari ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra.
Sama gildir um frumvarp til fjárlagalaga, sbr. 44. gr.
[Skerpt á stöðu Alþingis. Sjá DHB, bls. 13 og 14 samanber og bls. 9-12]
12. **23. gr. um markaða tekjustofna og lögbundin framlög.**
Í stað 1. másl. komi tveir nýir másl. sem orðist svo: *Tímabundnar breytingar á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum skal gera í fjárlögum eða fjárlagalögum. Gildistími þeirra skal afmarkaður af gildistíma fjárlaga.*
[Tekin af tvímæli um að slíkar breytingar í fjárlagafrumvarpi geti ekki náð út fyrir fjárlagaárið].
13. **30. gr. Í minnisblöðum fjármálaráðuneytis frá 12. febr. og 19. mars er lagt til að greinin orðist svo:**
Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við aðra ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í

fjárlögum.

Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.

Ríkisstofnunum í A-hluta skal heimilt án atbeina ráðherra að gera verksamninga um afmörkuð rekstrarverkefni, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er líta að réttindum og skyldum manna og kostnaður við verkefnið sé ekki umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar.

Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd rekstrarverkefnisins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna skulu gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina magn og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, lengd samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

Ákvæði þessarar greinar og reglna settra samkvæmt henni skulu gilda með sama hætti um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum, sbr. 2. mgr., nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í sérlögum.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi skal gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár.

[Sjá DHB, bls. 14 og 15]

14. **32. gr. um viðskipti án staðgreiðslu í A- og B-hluta.**
Síðari málsliður orðist svo: Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti ráðuneyta og stofnana og fyrirtækja sem undir þau hevra.
15. **33. gr. um ófyrirséða greiðsluskyldu A-hluta.**
Síðari málsliðurinn orðist svo: Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.
16. **35. gr. um ráðstöfun lausafjár A-hluta.**
Í stað orðsins „þær“ í 1. másl. komi: þeir.
17. **36. gr. um gjafir til A-hluta.**
Í stað orðanna „ríkisstjórn eða ríkisstofnun“ í 1. og 2. másl. komi: rikisaðili í A-hluta.

18. **37. gr. um yfirfærslu umframgjalda og ónýtttra fjárveitinga.**
Í stað orðanna „innan stofnunar“ í 1. mgr. komi: *hvers ríkisaðila*.
19. **39. gr. um fjárvörslu A-hluta.**
Í stað „Ríkisstofnunum“ komi: *Ríkisaðilum*.
20. **40. gr. um mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.**
Í stað orðsins „stofnana“ í niðurlagi greinarinnar komi: *rikisaðila sem þar eru, sbr. 21. gr.*
21. **41. gr. um fjárskuldbindingar B- og C-hluta.**
a) Í stað orðanna „samþykki fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis“ komi: *samþykki fjármálaráðherra ásamt samþykki hlutaðeigandi ráðherra*.
b) Athugasemdir ÁE við orðið „rekstrarhagsmuni“. Spurning hvort hægt að þrengja frekar, t.d. með því að segja „*enda sé það nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins*“.
22. **45. gr. um frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.**
Í stað orðanna „óhöfnum fjárveitingum“ í 2. másl. komi: *ónotuðum fjárveitingum*.
23. **46. gr. um ríkisreikningsnefnd.**
Í stað orðsins „óskað“ í 2. mgr. komi: *leitað*.
24. **49. gr. um ábyrgð á fjárreiðum.**
Talað verði um „ríkisaðila“ í stað „ríkisstofnana og fyrirtækja“. Málsgreinin mun þá verða svohljóðandi:
Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds.
25. **Ný grein.**
Á eftir 49. gr. komi ný grein svohljóðandi:
Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum gilda þau um fjárreiður Alþingis eftir því sem við á. Forseti Alþingis telst forstöðumaður í skilningi laganna, sbr. 9. gr. þingskapa. Forsætisnefnd skal, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, taka ákvarðanir samkvæmt 2. mgr. 29. gr., 2. mgr. 37. gr. og 39. gr.
26. **51. gr. um gildistöku.**
a) Fyrri málsliður orðist svo: *Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár.*
b) Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: *Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997 skal þó fara eftir lögum nr. 52/1966.*
27. **Fella þarf brott ákvæði til brb. I, sbr. næsti liður hér að framan.**